



Samþykkt

Vegna álagningar fasteignaskatts og fráveitugjalds ár hvert skal reikna afslætti af fasteignaskatti og fráveitugjaldi út frá tekjuviðmiði skv. síðasta skattframtali. Forsendur þess að umsækjandi geti fengið afslátt af fasteignaskatti er útlitað í 3. grein reglna um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Tekjuviðmið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds er eftirfarandi fyrir einstakling:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Einstaklingur með tekjur allt að			4.601.978
80%	Einstaklingur með tekjur frá	4.601.979	til	5.095.045
50%	Einstaklingur með tekjur frá	5.095.046	til	5.635.073
25%	Einstaklingur með tekjur frá	5.635.074	til	6.222.061

(uppreiknað 1. janúar 2022)

Tekjuviðmið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í sambúð og með samsköttun:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Sameiginlegar tekjur allt að			7.949.852
80%	Sameiginlegar tekjur frá	7.949.853	til	8.801.620
50%	Sameiginlegar tekjur frá	8.801.621	til	9.734.511
25%	Sameiginlegar tekjur frá	9.734.512	til	10.748.524

(uppreiknað 1. janúar 2022)

Heimilt er að veita einstaklingi sem vistaður er á hjúkrunar- eða dvalarheimili, og er með skertan lífeyri til framfærslu af þeim sökum, allt að 100% afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi. Forsenda þess að heimild þessi verði nýtt er að enginn annar búi í umræddu íbúðarhúsi.

Bent skal sérstaklega á að vegna fasteignaskattsálagningar verður að sækja skriflega um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir 1. maí ár hvert. Umsókninni skal fylgja staðfest skattframtal. Með umsókn öryrkja skal einnig fylgja vottorð um örorkumat.

Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri Bláskógabyggðar